

LISTIR

Brotakennd skynjun á umhverfinu

Á LISTAHÁTÍÐ í Reykjavík verður sýning á ljósmyndaséri myndlistarkonunnar Roni Horn opnuð í miðrymi Kjarvalsstaða kl. 15 í dag. Sýningin heitir Hún, hún, hún og hún og er um að ræða myndaséri úr búningsskelfum Sundhallar Reykjavíkur sem Roni Horn varpar nýju ljósi á. Sundhöll Reykjavíkur hannaði Guðjón Samúelsson á árunum 1929–37 en hún hefur verið Roni Horn afar hugleikið viðfangsefni.


Í frétt frá Listasafni Reykjavíkur segir m.a.: „Í verkinu Hún, hún, hún og hún sem sýnt er á Kjarvalsstöðum er fjölmörgum myndum úr kvennaklefa Sundhallarinnar raðað saman líkt og í bútasamsteppi. Uppröðunin minnir þannig á brotakenda skynjun okkar á umhverfinu, í gegnum augað sem sífellt blikkar. Dularfullt völuandahús búningsskelfanna er torskiöld í þessum myndum, eins og það er jafnvel

fyrir þá sem eru á staðnum. Með þessum myndum sýnir Roni samspil dyra, hurða og veggja sem sífellt breytast, því þegar eitt rými opnast er öðru lokað. Uppsetning myndanna í heila fleti er líka mikilvæg til að gefa áhorfandanum skýrari mynd af rýminu, sem þó heldur áfram að rugla hann.“

Ræktar tengsl við land og þjóð

„Bandaríska listakonan Roni Horn er einn þeirra Íslandsvína sem hafa um langt skeið ræktað tengsl sín við land og þjóð. Hún er án efa einn virtasti myndlistarmaður samtímans og ein fárra kvenna sem náð hafa að kveðja sér hljóðs í veröld sem hún segir engan þurfa að fara í grafgötur um að er mun hliðhollari kórlum en konum.“

Roni Horn fæddist í New York árið 1955, og í sinni fyrstu utanlandsferð árið 1975 kom hún til Ís-



Kvennaklefar Sundhallarinnar séðir með augum listakonunnar Roni Horn.

lands. Hún hefur síðan komið hingað reglulega, á hér nú sitt annað heimili og fjölda vína og kunningja um allt land.

„Í huga Roni Horn er Ísland ákveðið mótvægi við stórborgina New York – og nú, eftir nær 30 ára samband við landið, telur hún heimsóknir hingað sér nauðsynlegar einfaldlega til að halda lífinu

í jafnvægi. Þau verka hennar sem tengjast Íslandi eru fyrst og fremst ljósmyndir og textar, og gefnar hafa verið út ýmsar bækur sem tengjast slíkum viðfangsefnum. Þannig telur bókaröðin To Place nú átta bækur, en í þeim öllum hefur Ísland verið helsti efni-viðurinn,“ segir í frétt safnsins. Sýningin stendur til 22. ágúst.

Söngtónleikar í Ými

ANNA Klara Georgsdóttir sópran og Sæberg Sigurðsson bassi halda söngtónleika í Tónlistarhúsinu Ými við Skógarhlíð kl. 20 í kvöld. Tónleikarnir eru liður í 8. stigs prófum frá Nýja tónlistarskólanum. Þau eru nemendur Gunnars Guðbjörnssonar.

Á efnisskránni eru m.a. ensk, þýsk og íslensk sönglög, ariur og sam-söngsatriði úr óperum eftir W.A. Mozart og lög úr söngleikjum eftir G. Gershwin.

Undirleikarar á píanó eru Brynhildur Ásgeirsdóttir og Guðbjörg Sigurjónsdóttir.

Bókverk á sýningu

SÝNINGIN Bókverk – bókalist verður opnuð í Handverk og hönnun, Aðalstræti 12 í dag. Til bókverka teljast bækur sem eru einstakar, handgerðar eða fjölfaldaðar í takmörkuðu upplagi. Bækurnar eru sjálfstæð og fullgerð verk þar sem form og innihald halda í hendur við listhandverk bókagerðar.

140 verk voru send inn í samkeppni sem var haldin. Dómnefnd valdi úr innsendum verkum og munu um fimmtíu verk frá þrjátúni og fjórum aðilum verða á sýningunni.

Sýningin er til 13. júní. Opin frá 13 til 17 alla daga nema mánudaga.

Starf forstöðumanns Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar auglýst laust til umsóknar

Ætlað að móta starfsemina

STARF forstöðumanns Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar (KÍM) hefur verið auglýst laust til umsóknar og rennur umsóknarfresturinn út nú um mánaðamótin. Í auglýsingu sem birtist í Morgunblaðinu á dögunum kemur fram að hin nýstofnaða Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar sé sjálfs-eignarstofnun með sérstaka stjórn og að markmið stofnunarinnar sé að kynna íslenska myndlist erlendis og auka þátttöku íslenskra myndlistarmanna í alþjóðlegu myndlistarstarfi. Fram kemur einnig að forstöðumaður sé yfirmáður stofnunarinnar í fullu starfi og að viðkomandi verði ráðinn af stjórn hennar til fimm ára í senn, en þetta er í fyrsta sinn sem ráðið er í stöðuna.



Ólafur Kvaran

Stjórn KÍM er skipuð Ingibjörgu Pálmadóttur sem er formaður, en hún var tilnefnd af menntamálaráðuneytinu, dr. Ólafi Kvaran fyrir hönd listasafnanna, en hann er varaformaður í stjórninni, Elínu Flygenring sem tilnefnd var að utanríkisráðuneytinu og þeim Helga Þorgils Friðjónssyni og Sigrúnu Ingu Hrólfsdóttur fyrir hönd Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM).

Samkvæmt stofnskrá KÍM (sem nálgast má t.d. á vef SÍM á slóðinni: sim.is) er ljóst að forstöðumanni er ætlað að móta starfsemi stofnunarinnar jafnframt því að sjá um daglegan rekstur og stjórn fjármála KÍM í umboði stjórnar. Hann á að vinna

að fjáröflun, undirbúa gerð fjárhagsáætlana og annast reikningsskil, auk þess að stýra fundum fagrás KÍMs. Í auglýsinguinni er ekki kveðið á um neinar menntunardeildir eða hæfniskröfur, en að sögn Ólafs Kvaran var ákveðið að hafa auglýsinguina frekar opna. „Með því vonumst við til að fá sem breiðastan hóp umsækjenda.

Við gerum í sjálfum sér engar formlegar menntunardeildir eða hæfniskröfur, en ég myndi segja að við séum að leita að manneskju sem hafi góða þekkingu og yfirsýn yfir myndlistarheiminn auk þess að geta sinnt kynningarmálum á kraftmikinn hátt. Út frá menntun og reynslu umsækjenda mun stjórnin síðan velja þann sem okkur þykir líklegastur til að sinna því hlutverki sem forstöðumanni KÍM er ætlað.“

Að sögn Ólafs er ljóst að forstöðumanni verði ætlað að móta hina listræna stefnu stofnunarinnar í samvinnu við stjórnina. „Það má segja að miklar væntingar séu á forstöðumanninn um að hann gegni þessu stefnumótunarhlutverki sínu ásamt stjórninni, bæði hvað varðar verkefni og aðferðir.“

Góð sambönd erlendis kostur

Ólafur minnir á að markmið KÍM sé fyrst og fremst að kynna íslenska myndlist erlendis og auka þátttöku íslenskra myndlistarmanna í alþjóðlegu myndlistarlífi. „Væntanlegur forstöðu-

maður ber því mikla ábyrgð á því að stuðla að því að kynna íslenska myndlist fyrir umheiminum og ekki síst vinna að því að fá erlenda aðila hingað til lands og veita þeim bæði þá þjónustu og upplýsingar sem þeir þurfa.“

Að sögn Ólafs væri það vissulega ótvíræður kostur ef umsækjandinn hefði annars vegar yfirsýn yfir erlent myndlistarlíf og góð sambönd inn í myndlistarheiminn erlendis. „Það væri auðvitað kostur, en samt verður að gera ráð fyrir því að væntanlegur forstöðumaður hafi alla möguleika á að þróa þessa stofnun og starfs-umhverfi sitt.“

Aðspurður segir Ólafur það vel koma til greina að ráða útlending í starf forstöðumanns og bendir á að staðan hafi verið auglýst í erlendum listímaritum. Í fyrrnefndri stofnskrá KÍM kemur fram að forstöðumaður sjái um að ráða annað starfsfólk stofnunarinnar. Spurður hvort frekari mannráðningar séu fyrirhugaðar svarar Ólafur því til að þær séu ekki beint á döfinni en að málið verði vissulega skoðað um leið og starfsemi KÍM sé komin í gang, enda sé þá fyrst hægt að meta hverjar hinar raunverulegu þarfir stofnunarinnar eru.

Aðspurður hvenær ráðgert sé að væntanlegur forstöðumaður taki við störfum svarar Ólafur að það verði vonandi sem allra fyrst. Það fari einfaldlega eftir því hvað stjórnin er fljót að fara yfir umsóknir og komast að niðurstöðu, en í stofnskránni er kveðið á um að samþykki allra stjórnarmanna þurfi fyrir ráðningunni. Fyrir áhugasama má þess að lokum geta að umsóknir skulu berast stjórn KÍM í Hafnarstræti 16 í Reykjavík fyrir 1. júní nk.

Íslenska óperan leggur drög að starfsemi sinni á næsta leikári

Sweeney Todd og Tosca stærstu verkefni ársins

DAGSKRÁ Óperunnar á vormiss-eri 2004 lauk með sýningu á Carmen á Eskifirði 14. maí sl. Undirbúningur næsta starfsárs er kominn í fullan gang og verða stærstu verkefni vetrarins 2004–2005 óperan um morðöða rakarann Sweeney Todd eftir Stephen Sondheim og Tosca eftir Puccini.


Sweeney Todd verður frumsýnd 8. október en þetta er í fyrsta sinn sem sú ópera er sett upp hér á landi og jafnframt fyrsta verk Sondheims sem hér er sett á svið, en verk hans sjást reglulega á fjöllum leikhúsa og óperuhúsa í Evrópu og Bandaríkjunum. Óperan var frumsýnd í New York árið 1979 og hefur verið sýnd víða um heim á síðastliðnum tveimur áratugum. Verkið hefur hvarvetna vakið mikla athygli enda umfjöllunarefnið krassandi í meira lagi.

Sweeney Todd hefur snúið heim til London til að hefna heim til London til að hefna harna. Hann tekur upp fyrri iðju sem bartskeri, en nú sker hann fleira en hár og skegg og eiga ekki allir viðskiptavinir afturkvæmt úr stólum hjá honum. Á neðri hæðinni hefur frú Lovett nú loks fengið úrvals hráefni í gómsætar kjötbökur sínar sem seljast hraðar en nokkru sinni fyrr. Óhætt er að segja að sagan sé blóðug og grim og þó einkennist óperan af leiftrandi húmor og litríkum persónum. Sögu-sviðið er London á tímum iðnhyltingarinnar, þar sem Lundúnabokan alræmda er þykkari en nokkru sinni og persónurnar stjórna af heitum og sterkum tilfinningum. Margir telja að sagan sé byggð á raunverulegum atburðum.

Leikstjóri verður Magnús Geir Þórðarson og hljómsveitarstjóri Kurt Kopecky. Snorri Freyr



Elín Ósk Óskarsdóttir



Ágúst Ólafsson

Hilmarsson hannar leikmynd, Filippía Elísdóttir búninga og Þórður Orrí Pétursson hannar lýsingu. Gísli Rúnar Jónsson vinnur nú að íslenskrari þýðingu á lausu máli og bundnu. Með titillutverkið, Sweeney Todd, fer Ágúst Ólafsson, og er þetta fyrsta hlutverk hans hjá Íslensku óperunni. Ingvaldur Ýr Jónsdóttir syngur hlutverk frú Lovett og í öðrum helstu hlutverkum eru Marius Sverrisson, sem syngur nú í fyrsta sinn í Íslensku óperunni, Hulda Björk Garðarsdóttir, Davíð Ólafsson, Þorbjörn Rúnarsson, Snorri Wium, Sesselja Kristjánsdóttir og Örn Arnason leikari, en sá síðastnefndi þreytir nú frumraun sína á sviði Óperunnar.

Elín Ósk syngur Toscu

Tosca verður frumsýnd í febrúar 2005. Leikstjóri verður Jamie Hayes og hljómsveitarstjóri er Kurt Kopecky. Þórunn María Jónsdóttir hannar búninga, Will Bowen leikmynd og Björn Bergsveinn Guðmundsson lýsingu. Ráðning söngvara í helstu hlutverk er langt komin og má þar nefna að Elín Ósk Óskarsdóttir mun syngja titillutverkið, Toscu. Hlutverk Cavaradossi verður í höndum Jóhanns Friðjóns Valdimarssonar og Ólafur Kjartan Sigurðarson fer með hlutverk Scarpia.